



Samgöngunefnd Alþingis

Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Samgönguáætlun - bókun fulltrúa R-listans í samgöngunefnd.

Hér með er send útskrift úr gerðabók samgöngunefndar 3. mars 2003, svohljóðandi:

Fulltrúar R-listans í samgöngunefnd lögðu fram eftirfarandi bókun;

Samgöngunefnd Reykjavíkur fagnar því að nú skuli samin og lögð fyrir alþingi sameiginleg áætlun í samgöngumálum í stað 3ja framkvæmdaáætlana áður. Samgöngunefndin telur að með sameiginlegri áætlun gefist tækifæri til að skipuleggja fjárfestingar og uppbyggingu í vegamálum, hafnamálum og flugmálum með heildarhagsmuni að leiðarljósi. Eftirfarandi atriði telur samgöngunefndin vert að draga sérstaklega fram:

1. Sérstök áhersla er lögð á markmið um umhverfislega sjálfbærar samgöngur, bæði með því að auka rannsóknir á því sviði en eins með því að nota skattlagningu og gjaldtöku í samgöngukerfinu með markvissum hætti. Ekki er þó að finna í áætluninni ákveðnar tillögur um breytingar á gjaldtöku eða hvernig á að auka hlut vistvænna samgöngumáta. Kallað er eftir skýrum tillögum í þessu efni.
2. Stefnt er að því að auka öryggi í samgöngum hér á landi með samstarfi við alþjóðlegar stofnanir á sviði samgönguöryggismála, fræðslu, rannsóknum og samstarfi þeirra aðila sem vinna að öryggismálum hérlendis. Þetta er jákvætt markmið en fjármagn til þessara mála þarf hins vegar að aukast verulega ef viðunandi árangur á að nást. Sérstaklega þarf að viðhalda gagnabanka um svartbletti og beina fjármagni til umferðaröryggismála að þeim, bæta aðstæður óvarinnar umferðar og draga úr umferðarhraða.
3. Mörkuð er stefna um að ríkið styðji frekar við almenningssamgöngur í þéttbýli en nú er og lagt til að teknað verði upp viðræður ríkis og sveitarfélaga í þessu sambandi. Þessari stefnumörkun er fagnað og er Reykjavíkurborg reiðubúin að hefja þegar viðræður um þessa hluti. Í umfjöllun um almenningssamgöngur er þó ekki fjallað um annað en ferjur og flóabáta, áætlunarflug og sérleyfi á landi. Er löngu tímabært að ríkisvaldið komi myndarlega að uppbyggingu almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu með það að markmiði að stórauka hlut þeirra og ráðstafi jafnframt fjármagni til þeirra í stað þess að beina því nær undantekningarlaust að hefðbundnum gatnaframkvæmdum. Minnt er í þessu sambandi á stefnumörkun í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins og aðalskipulagi Reykjavíkur um athugun á hagkvæmni sporbundinnar umferðar.
4. Fram kemur að Reykjavíkflugvöllur verði fyrst og fremst miðstöð innanlandsflugsins en jafnframt tekið fram að æfingaflyg muni flytjast af vellinum. Í nýsamþykktu aðalskipulagi Reykjavíkur er gert ráð fyrir rekstri flugvallarins til ársins 2016, þó þannig að ein flugbraut verði lögð af á tímabilinu 2005-2008. Skv. ákvörðun umhverfisráðherra er að störfum sérstök nefnd ríkis og borgar sem fjallar um málefni flugvallarins. Samgöngunefnd Reykjavíkur vísar hvað þetta mál varðar til þeirrar nefndar og stefnumörkunar aðalskipulagsins.

5. Hlutur Reykjavíkur og höfuðborgarsvæðisins í uppbyggingu í vegakerfinu er áfram lágur eða nálægt þriðjungur, en hefur þó heldur aukist undanfarin ár. Á hitt verður þó að benda að á höfuðborgarsvæðinu og í næsta nágrenni þess býr um 2/3 hlutar landsmanna og markaðar tekjur til vegamála eiga væntanlega uppruna sinn í áþekku hlutfalli hér á svæðinu. Mikilvæg stórverkefni eru framundan í Reykjavík, s.s. jarðgöng, ný gatnamót og endurbætur stórra gatnamóta. Tímabært er að höfuðborgarsvæðið fái í sinn hlut sanngjarnan skerf af því fjármagni sem fer til uppbyggingar í vegamálum og hafi meira að segja um ráðstöfun þess en nú er.

Samþykkt með 3 samhljóða atkvæðum.

Fulltrúar Sjálfstæðismanna í samgöngunefnd sátu hjá við afgreiðslu málsins.



Þórhildur Lilja Ólafsdóttir
fulltrúi skrifstofustjóra borgarverkfræðings